

Ágætu lesendur

Eins og fram kemur á öðrum stað hér í blaðinu eru framundan deildarfundir í félaginu og síðan aðalfundur 3. apríl n.k. á Selfossi. Á þessum fundum verður eins og áður farið yfir rekstur bæði Auðhumlu svf. og ekki síður Mjólkursamsölnunnar ehf. Reynt verður að gera þetta með eins upplýsandi hætti og hægt er og eins að fara yfir þær áætlanir sem unnar hafa verið fyrir árið 2009. Mikilvægt er að hreinskiptin og opin skoðanaskipti fari fram ekki síst þegar ástandið er eins og það er í dag.

Árið 2008 var að mörgu leyti mjög sérstakt og það í fleiri en einu tilliti. Fyrir utan bankahrun og allan þann óróa sem það hefur skapað og ekki er enn séð fyrir endan á, þá var árið að mörgu leyti erfitt í rekstri mjólkuriðnaðarins, sem kemur væntanlega fram í uppgjöri sem verið er að vinna að, þó hægt sé að segja að allt stefni þó í rétta átt.

Hagræðingaradgerðir, sem unnið hefur verið að frá stofnun Mjólkursamsölnunnar ehf, hafa eðlilega reynst starfsfólki erfiðar. Það er alltaf órói á óvissutímum. Segja verður það starfsfólki okkar til hróss, að það hefur tekið þessu öllu af miklu æðruleysi og það bera að þakka. Nú ætti að vera komin


ró yfir starfseminna. Gera þarf allt til þess að varðveita þá áfanga sem náðst hafa og stuðla að frekari árangri.

Síðast liðið ár var líka met ár þegar tekið er tillit til mjólkurframleiðslu og sölu á mjólkurvörum. Þennan árangur ber að þakka, og þá alveg sérstaklega þar sem honum er náð við mjög svo erfiðar aðstæður.

Rekstrarhorfur á árinu 2009 skv. okkar áætlunum eru góðar. Stóra vafatriðið í þessu samhengi er þó tekjuhliðin/sala. Hvernig þróast hún í því efnahagsástandi sem við búum við?

Á árinu sem leið jók Auðhumla svf. mjög hlut sinn í Mjólkursamsölnunni ehf. Aðgerð þessi styrkir mjög þann rekstur til framtíðar og ætti að vera hinum hluthafanum í félaginu hvatning til að gera slíkt hið sama.

Við uppgjör á mjólkurflutningum fyrir árið 2008 kom í ljós að kostnaður hafði hækkað verulega. Eins og fram kemur hér annars staðar hefur stjórn Auðhumlu ákveðið að greiða þessar hækkanir og eins að flutningagjaldið verði það sama á árinu 2009. Á sama fundi ákvað stjórnin að vaxtareikna stofnsjóðinn um 5% fyrir árið 2008. Að þessu samanlögðu, niðurgreiðslu flutninga og vöxtunum, jafngildir það



13% ávöxtun á stofnsjóðinn. Hvað mjólkurflutningana varðar verður að leita allra leiða til að þeir séu sem hagkvæmastir. Því var það rætt og samþykkt af stjórn Auðhumlu að setja ný viðmið varðandi lágmarksmjólkurinnlegg eins og fram kemur hér í blaðinu.

Rétt er að geta þess að stjórnin fól fulltrúum okkar í verðlagsnefnd búvöru að hefja vinnu sem miðaði að því að mjólk verði keypt af framleiðendum við fjósvegg. Þetta er kerfi sem víða er við líði. Þetta blandast inn í verðlagninguna og því þarf að skoða þetta vel og passa upp á að allrar sanngirni sé gætt.

Kveðja, Magnús Ólafsson

Deildarfundir og aðalfundur

Aðalfundur Auðhumlu verður haldinn að Hótel Selfossi 3. apríl nk. nánar um það síðar.

Deildarfundir verða haldnir í febrúar og mars og verður skipulag þeirra með svipuðum hætti og í fyrra. Stefnt er að því að fundir hefjist um 23. febrúar og ljúki eigi síðar en 19. mars.

Nánar verður greint frá því í næsta Sveitapósti.

Reglur um lágmarks- mjólkurinnlegg

Í langan tíma hafa verið í gildi á Suðurlandi reglur um lágmarksmjólkurinnlegg sem sótt er.

Til samræmingar ákvað stjórn Auðhumlu á fundi sínum 26. janúar sl. að eftirfarandi viðmið gildi um lágmarks-
mjólkurinnlegg sem sótt er og taka þessar reglur gildi þann 1. febrúar 2009 að telja: eftir 2 dagana 75 lítrar og eftir 3 dagana 110 lítrar.

Metár í framleiðslu á mjólk!

Innvigtun mjólkur hjá aðildarfélögum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði síf árið 2008 var 126.051.529 lítrar. Þetta er mesta innvigtun sem skráð hefur verið hjá mjólkursamlögum landsins. Innvigtun mjólkur til mjólkursamlaganna jókst um 1% milli árána 2007 og 2008. Frá árinu 1959 hefur mest innvigtun verið skráð á landinu eftirfarin ár:

Árið 2008	126.051.529 lítrar
Árið 2007	124.816.835 lítrar
Árið 1978	120.172.100 lítrar
Árið 1979	117.198.706 lítrar
Árið 2006	117.062.454 lítrar

Segja má að þróun í mjólkurframleiðslunni hafi rýmað vel við þá söluaukningu sem varð á árinu og um er getið hér í pistli Jóns Axels Péturssonar framkvæmdastjóra söluviðs MS.

Aukið mjólkurmagn hjá MS á Akureyri

Við lokun MS á Blönduósi um síðustu áramót hóf MS á Akureyri mjólkurflutninga frá framleiðendum í austur- og vestur Húnavatnssýslum til Akureyrar.

Tveir tankbílar annast þessa flutninga og er mjólkurmagnið umtalsvert eða nálægt 7,6 milljónum lítra. Reikna má með að þessi mjólk fari að mestu til ostagerðar.

Ávaxtarík, fitulítill og verulega sykurskert jógúrt frá Mjólkursamsölunni

Nýr vöruflokkur frá Mjólkursamsölunni er kominn í verslanir, jógúrt sem ber heitið Frútína. Nafn vörunnar vísar í hátt ávaxtainnihald jógúrtarinnar sem er þrisvar sinnum meira en í hefðbundinni jógúrt, eða 20%. Jógúrtin er verulega fitu- og sykurskert og er bragðgóður kostur fyrir þá sem vilja hollar og næringaríkar mjólkurvörur.



Frútína inniheldur einungis 3% af hvítum sykri sem er um 63% minna en í hefðbundinni jógúrt. Fituinnihald Frútínu er aðeins 1% sem er töluvert minni fita en í léttjógúrt. Viðbættur ávaxtasykur í Frútínu er 2% og jógúrtin er án viðbættra sætuefna.

Frútína er svar MS við eindregnum óskum markaðarins um ferskar mjólkurafurðir án sætuefna þar sem einnig er verulega dregið úr notkun hvíts sykurs. MS býður upp á þrjár bragðtegundir af Frútínu; með jarðarberjum, ferskjum og ástaraldinum, bláberjum og jarðarberjum.

FRÚTÍNA er í 175 gramma dósnum og fæst í þremur bragðtegundum:

- Jarðarberja
- Bláberja og jarðarberja
- Ferskju og ástaraldina



Gott söluár að baki hjá Mjólkursamsölunni

Þegar árið 2008 er tekið saman í sölu getum við starfsfólk MS og eigendur fyrirtækisins ekki verið annað en ánægð með þann árangur sem náðist í sölnni á árinu. Magnaukning í sölu á ostavörum og smjöri var 191 tonn (2,54%) og veltuaukning var 1,1 milljarður króna (23%). Magnaukning í ferskvörum var 1.230 þús lítrar (2,46%) og veltuaukning 1,15 milljarðar króna (17%) Þetta er eitt besta söluár sem við höfum átt í einhvern tíma. Það er gott til þess að vita að neytendur tóku vörum okkar opnum örmum á síðasta ári sem endurspeglast í þessum árangri í sölu hjá okkur.



Jón Axel Pétursson framkvæmdastjóri sölu og markaðsviðs MS.

Ef við skoðum þær vörur sem eru með hvað mestri magnaukningu í kg og/eða lítrum milli ára lítur listinn yfir „topp tíu vörurn“ svona út.

Það er athyglisvert þegar þessi topp tíu listi er skoðaður að í 7 og 8 sæti trónir hefðbundin drykkjarmjólk en við höfum verið að berjast við söluminnkun á henni undanfarin ár. Árið í fyrra er því mikil breyting þegar við sjáum að salan í henni er að aukast yfir 400 þús ltr á árinu. Það eru góðar fréttir ef neytendur eru að átta sig betur á hollustu og mikilvægi drykkjarmjólkur í daglegu fæðuvali sínu. Það er líka athyglisvert þegar þessar tölur eru skoðaðar að í fyrsta sætinu er 26% Gouda ostur, en ostur hefur verið í mikilli söluaukningu á undanförunum árum.

Vörutegund:	Magnaukning	% aukning milli ára
1. Gouda 26%	130 tonn	14,25%
2. Smjöri	43,3 tonn	7,0 %
3. Skólaostur	26,6 tonn	8,6%
4. Gotti, barnaostur	20,5 tonn	11,4%
5. Kotasæla	20,4 tonn	8,7%
6. AB mjólk	245 þús ltr	29%
7. Léttmjólk	213 þús ltr	1,5%
8. Nýmjólk	213 þús ltr	1,5%
9. KEA skyrdrykkur	116 þús ltr	Ný vara
10. Létt AB mjólk	91 þús ltr	12%

Frá árinu 1993 hefur ostasala aukist úr rúmum 3000 tonnum og í tæp 5000 tonn. Það er því staðreynd að íslenskum neytendum virðist líka vel við framboð okkar í ostum.

Þegar vel tekst til í sölu eins og árið 2008 endurspeglar er það vegna þess að allir hlekkir í keðjunni hjá okkur frá bónda í gegnum framleiðsluna, tiltektina, dreifinguna, sölnuna og markaðsfærsluna eru að vinna saman sem ein sterk heild. Öðruvísi næst ekki góður árangur í sölu. Að lokum óska ég okkur öllum til hamingju með góða sölu á árinu 2008.

Kveðja
Jón Axel

Mjólkurflutningar 2008


Árið 2008 var metár í mjólkurframleiðslu á Íslandi. Líóst að kostnaður við mjólkursöfnun hefur hækkað umtalsvert á árinu. Auðhumla kaupir alla mjólkurflutninga af dótturfélagi sínu Mjólkursamsölunni og nam kostnaður á hvern sóttan mjólkurlíttra kr. 3.86. Auðhumla hefur innheimt kr. 2,05 á hvern mjólkurlíttra af félagsmönnum en kr. 2,65 af utanfélagsmönnum.

Stjórn Auðhumlu ákvað á fundi sínum 26. janúar 2009 að greiða niður mjólkursöfnunarflutninga á árinu 2008 um kr. 1.81 og ber Auð-


humla 80% af því en MS 20%. Jafngildir þessi niðurgreiðsla um 8% vöxtum af stofnsjóði. Jafnframt ákvað stjórn Auðhumlu að flutningsgjald árið 2009 yrði óbreytt eða kr. 2,05 og niðurgreiðsla þá kr. 2,00. Utanfélagsmenn greiði kostnaðarverð sem áætlað er kr. 4,05.

Stjórn Auðhumlu fól fulltrúum Auðhumlu og MS í verðlagsnefnd bívöru að hefja vinnu sem miðaði að því að mjólk verði keypt af framleiðendum við fjósvegg.


Samanburður á frumutölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2008 og 2007 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum veitvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra, Magnúsi Ólafssyni, í síma 569 2200.

Sala á mjólkurvörum í desember 2008

	Magn (Kg.)				Upphæð			
	Des-07	Des-08	Mismunur	%	Des-07	Des-08	Mismunur	%
Samtals lítrar	3.946.284	4.415.395	469.111	11,89%	578.976.171	800.227.337	221.251.166	38,21%
Samtals kíló	614.669	615.489	820	0,13%	421.719.707	579.361.531	157.641.824	37,38%

	Magn (Kg.)				Upphæð			
	2007	2008	Mismunur	%	2007	2008	Mismunur	%
Samtals lítrar	50.000.554	51.228.924	1.228.370	2,46%	6.898.173.150	8.051.350.038	1.153.176.888	16,72%
Samtals kíló	7.505.762	7.706.072	200.310	2,67%	5.003.328.559	6.133.573.810	1.130.245.251	22,59%

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið desember:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	39.118.443	38.021.644	1.096.799	2,88%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	32,87%	32,50%		
Landið janúar-desember:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	126.051.529	124.816.832	1.234.697	0,99%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008	2007	Mismunur	Hlutfall
52	2.351.138	2.320.877	30.261	1,30%
1	2.392.207	2.345.425	46.782	1,99%
2	2.395.348	2.362.368	32.980	1,40%
3	2.436.561	2.381.677	54.884	2,30%
4	2.445.626	2.405.216	40.410	1,68%
Samtals:	12.020.880	11.815.563	205.317	1,74%

Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/12/08 - 4/12/08	4.10	3.40	2.64	0.7	6.3	-0.543	17	252	231	2,742

Líftala í þúsundum hjá MS

Mánuður	% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu					
	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
Desember 2008	86.98	95.19	99.53	0.22	0.18	0.07